

**32** 19. febr. — Þættis verði gegnt, og að tillit til hagsmuna hlutaðeigandi sökjanda hlýtur í samanburði þar við að lúta í lægra haldi. Það verður því í hvert skipti, sem prestakall er veitt, að vera skylda biskupsins að mæla ekki með og skylda landshöfðingjans að kalla ekki þann prest, sem annaðhvort af þeirri ástæðu, að hann hefir nýlega fengið annað prestakall og flúzt að því, eða af öðrum ástæðum ekki verður álitinn verðugur til að fá það presta- kall, sem hann sækir um. Hins vegar er það vitaskuld, eins og þjer hafið tekið fram, herra biskup, að sjerstakar kringumstæður geta stundum komið því til leiðar, að brugðið verði af þessari reglu.

Með því ekki er enn tekin nein ákvörðun um skiptinguna á fje því, sem veitt er í 12. gr. A. b. 1. fjárlaganna, og með því Reynistaðarklausturs-brauð, svo framarlega sem lögin um aðra skipun prestakalla öðlast konunglega staðfesting, mun verða auglýst sem laust, — endursendast hjer með tvö fyrnefnd bónarbrjef til þóknanlegra aðgjörða herra biskupsins, þegar þau skilyrði, sem þar eru nefnd, koma fyrir.

**33** 20. nóv. 1879 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um stærð vöruflutninga- skips milli þýzka ríkisins og Íslands.* — Ráðgjafinn hefir meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 7. f. m. lútandi að erindi, sem hingað hafið verið sent og þar sem verzlunarhúsið Carl Franz Siemsen í Hamborg fer þess á leit, að felldur verði úr gildi úrskurður, sem amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæmi Íslands hefir kveðið upp 3. júní þ. á. um, að nefndu verzlunarhúsi hafi verið óheimilt að flytja vörur frá Flensborg til Íslands á skipinu Clarine, sem að eins ber 22½ tons að farmrúmi. Fyrir því skal yður hjer með tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að fyrgreindur amtsúrskurður er hjer með úr gildi felldur, og að því beri að endurborga beiðandanum 20 kr. sekt þá til fátækra sjóðs Reykjavíkurkaupstaðar, er getur um í úrskurðinum, sje búið að greiða hana<sup>1</sup>.

**34** 12. jan.

### Samningur

um póstgufuskipaferðirnar.

Ráðgjafinn fyrir Ísland og hið sameinaða gufuskipafjelag hafa í dag gjört sín á millum svo látandi

#### SAMNING

um gufuskipaferðir millum Danmerkur, Færeyja og Íslands frá 1. janúar 1880 að telja. 1. gr.

Fjelagið skuldbindur sig hjermeð til að láta 2 gufuskip, er sjeu vel löguð til ferða þeirra, er í þessum samningi er um að ræða, fara á ári hverju 4 ferðir fram og aptur millum Kaupmannahafnar og Reykjavíkur eða annarar hafnar á Íslandi — og komi skipið við í Þórshöfn eða einhversstaðar annarstaðar á Færeyjum — og 5 ferðir (fram og aptur) norðan um Ísland og eyjar þær, er um það liggja, allt samkvæmt ferðaáætlun

1) Amtsúrskurðurinn var byggður á 3. gr. laga 15. apríl 1854, sem meðal annars segir: „Þó má „ekki hafa utanríkisskip 15 lesta og þaðan af minni til vöruflutninga hvorki hafna á milli á Íslandi, nje „milli Íslands og hinna hluta ríkisins“. Ráðgjafinn hefir álitnið, að engin heimild væri til að láta ákvörðun þessa ná til flutninga milli Íslands og utanríkislanda; en einkarjettindi danskra smáskipa til flutningsferða hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur eru úr gildi numin með lögum 17. apríl 1868, að því er snertir skip úr útlendum ríkjum, sem njóta forrjettinda í verzlunarviðskiptum sínum við Danaveldi, og telst þýzka ríkið með þeim, sjá dómsmálastjórnarbrjef 25. júní 1868 í tíðindum um stjórnarmálefni II. bls. 537.

þeirri, er fjelagið semur og ráðgjafinn fyrir Ísland samþykkir. Fjelaginu er heimilt og skylt að láta skipin á öllum 9 ferðum koma við í Leithfirðinum eða Leirvík. Á þessum stöðum má dvöl skipanna þó eigi vera lengri en 24 klukkustundir, nema óumflýjanleg nauðsyn sje fyrir því. Óumflýjanleg nauðsyn er það, ef illviðri eða helgidagar kynnu að aptra fermingu eða affermingu skipanna. Fjelagið er þess utan skylt til að senda gufuskip hjeðan eða frá Skotlandi til Íslands í janúarmánuði ár hvert og í sama mánuði ell-egar í febrúar frá Íslandi til Danmerkur eða Skotlands. Fardagar og komudagarnir á þessum ferðum skulu tilteknir í ofan nefndri ferðaáætlun.

## 2. gr.

Annað þeirra tveggja gufuskipa, er getur um í 1. gr., skal auk hinnar áður nefndu ferðar í janúarmánuði fara 6 ferðir fram og aptur milli Kaupmannahafnar og einhverrar hafnar á Íslandi, þannig að það á 2 af þessum ferðum fari einnig norðan um Ísland fram og aptur. Hitt gufuskipið skal fara 3 ferðir á ári milli Kaupmannahafnar og Íslands, og á hverri af þessum ferðum fara kring um Ísland samkvæmt því, sem segir í 1. grein.

## 3. gr.

Í skipunum skal vera fyrsta og annað farþegjapláss. Á fyrsta plássi á þar að auki að vera sjerstakt herbergi fyrir kvennfólk. Fyrsta pláss á að geta rúmað 30, og annað pláss 50 farþegja. Skipin sem notuð eru, eiga að geta tekið á móti að minnsta kosti 150 tons af gózi. Fargjald það og fæðispeningar fyrir farþegja svo og flutningsgjald fyrir góz, er nú er ákveðið, má eigi hækka nema með samþykki ráðgjafans fyrir Ísland.

## 4. gr.

Fjelagið hefir ábyrgð á öllum póstinum, á meðan hann er í vörzlum skipsins, það er að segja frá því skipverjar taka á móti honum, og þar til hann er afhentur póstmanni. Skal hann geymdur á sem vandlegastan hátt á lokuðum stað að undanteknum brjefakassanum, er skal þannig komið fyrir, að sjerhver geti haft aðgang að honum. Fjelagið hefir ábyrgð á þeim missi, vöntun eða skemmdum, er pósturinn kann að verða fyrir sakir ónógrar umsjónar. Farist skipið eða bíði skaða, skal eptir því, sem á stendur, gjöra allt, sem unnt er, til að bjarga póstinum, og flytja hann til næsta pósthúss. Skyldi það sökum fjölda eða verðhæðar póstsendinga, er fluttar eru, verða álitid æskilegt, að póstmaður væri sendingunum samferða á skipinu, fær hann ókeypiss farþæði fram og aptur, en sjálfur verður hann að sjá sjer fyrir fæði.

## 5. gr.

Pósturinn skal fenginn skipinu, og af því aptur afhentur samkvæmt skrá, er tiltaki, hve margar póstsendingarnar sjeu (stykseddel) og gegn kvittun skipstjóra og hlutaðeigandi póstembættismanns. Beri skránni eigi saman við tölu póstsendinga, verður sá, er skilar af sjer póstinum, að rita undir athugasemd þar að lútandi.

Pósturinn skal fluttur til viðkomanda pósthúss frá gufuskipinu samstundis og það hefir hafnað sig, og skal fjelagið kosta flutning þenna allstaðar annarsstaðar en í Khöfn, því þar mun pósturinn verða sóktur í skipið. Sömu reglur gilda, þegar flytja skal pósturinn úti skipið.

## 6. gr.

Fjelagið skuldbindur sig til að sjá um, að enginn skipverjanna nje nokkur annar flytji muni, er skylt er að senda með pósti. Verði slíkt uppvíst, skal hlutaðeigandi skyldaður til að greiða hina lögboðnu sekt, og skal hann þar að auki rekinn burt af skipinu.

**34** Þó má skipstjóri ákærulaust flytja brjef viðvíkjandi málefnum skipsins frá útgjörðarmönnum 12. jan. um þess til afgreiðslumannanna eða meðal þeirra innbyrðis.

7. gr.

Fjelagið greiðir öll gjöld, en aptur á móti bera því allar tekjur af farþegjum og flutningi.

Fyrir flutning brjefa og böggulpóstsins fær fjelagið alls 58000 kr. þóknun fyrir allar ferðir þær til samans, er getur um í 1. gr.

Þóknunin skal greidd þannig, að 50000 kr. útborgist smámsaman við lok hverrar um sig af þeim 10 ferðum milli Danmerkur og Íslands, er 1. gr. ræðir um, en af því, sem eptir er af þóknuninni, skulu greiddar 3000 kr., þegar þeim 3 ferðum, er getur um í 2. gr., er lokið, og 5000 kr., þegar búið er að fara hina síðustu af þeim 6 ferðum, er nefndar eru í sömu grein.

8. gr.

Skyldi ís varna því, að skipið fari frá Danmörku til Íslands einhverja af þeim 9 ferðum, er getur um í 1. gr., fellur viðkomandi ferð burt, og skal þá draga frá hinni sameiginlegu árlegu þóknun 5800 kr. upphæð fyrir hverja slíka ferð, sem eigi er farin.

Ef ísar tálma skipinu að fara að öllu leyti einhverja af ferðum þeim umhverfis strendur Íslands, er um er að ræða í 1. gr., og þetta verður sannað á tilhlýðilegan hátt af hálfu skipsins, skal eigi draga neitt frá hinni ákveðnu árlegu þóknun.

Verði það eigi sannað, að ísar hafi varnað framkvæmd viðkomandi ferðar, eða ef fjelagið mót von að öðru leyti skyldi eigi láta framkvæma ferðir þær, er það hefir tekið að sjer, skal það greiða í sekt 1000 kr. fyrir hverja ferð, sem eigi er farin — nema hlutaðeigandi skip hafi orðið fyrir töluverðum skaða (havari). Þar að auki skal draga frá hinni árlegu þóknun 5800 kr. upphæð fyrir hverja ferð, sem eigi er farin milli Danmerkur og Íslands.

9. gr.

Samningur þessi er bindandi fyrir hvorntveggja samningsgjöranda í 10 ár með þeim skilyrðum:

- a, að fjelagið fullnægi skuldbindingum þeim, er það hefir tekizt á herðar.
- b, að stjórnin álití hentugt að halda áfram fyrirkomulagi því á hinum íslenzku sjó-  
póstferðum, er um er að ræða í þessum samningi lengur en til ársloka 1881, og
- c, að fje það, er með þarf einkum til að greiða með borgun þá, er getur um í 7. gr., verði veitt af ríkisþingi Dana og alþingi Íslendinga.

Ráðgjafinn fyrir Ísland 12. dag janúarmán. 1880,

**J. Nellesmann.**

H. Stephensen,  
Ass.

Fyrir hönd hins sameinaða gufuskipafjelags

C. P. A. Kock.

forstjóri.

**35** — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um póstferðirnar milli 15. jan. Danmerkur og Íslands. — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 13. septbr. f. á. fylgdi þingsályktun, samþykkt af báðum deildum alþingis, þar sem skorað er á stjórnina að hlutast til um, að póstferðunum milli Danmerkur og Íslands verði hagað